

Aðalfundur 1998
haldinn á Grand Hótel Reykjavík
13. febrúar 1998, kl. 15:00

Jóhann Gunnarsson var einróma kjörinn fundarstjóri aðalfundar eins og mörg undanfarin ár. Hann setti fund og gaf fráfarandi formanni, Hauki Oddssyni orðið.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 1997

Haukur Oddsson fór yfir starfsemi félagsins á liðnu ári. Undirbúningur að útgáfu tölvuorðasafns bar þar hæst sem og óvenju blómlegt ráðstefnuhald. Fjárhagsleg afkoma félagsins hefur aldrei verið betri. Í lokin kvaddi formaður samstarfsmenn sína í félaginu og þakkaði samstarfið. Hann mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku. Sjá nánar fskj. #01.

2. Skýrslur nefnda og starfshópa

a) Ritstjórn

Gísli Ragnarsson, ritstjóri Tölvumála sagði frá starfsemi ritstjórnar á árinu. Nokkur endurskoðun á rekstri blaðsins hefur verið í gangi og var, í samráði við stjórn, ákveðið að fá utanaðkomandi aðila, Lausnir ehf., til að gera skoðanakönnun meðal félagsmanna. Eru þeir spurðir um afstöðu til starfsemi félagsins og útgáfu og efnistaka Tölvumála. Er niðurstaðna að vænta úr þessari könnun á næstu dögum. Þá hafði á árinu verið reynt að taka nokkuð á fjármálum blaðsins og t.d. var í einu tölublaði vélbúnaðarsölum gefinn kostur á að kynna fyrirtæki sín eða söluvöru gegn því að þeir keyptu auglýsingu í blaðinu. Gafst þetta vel. Að lokum þakkaði Gísli samstarfið og kvaddi samstarfsfólk. Hann mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi ritstjórastarfa.

b) Orðanefnd

Sigrún Helgadóttir, formaður orðanefndar, sagði í stuttu máli frá starfsemi nefndarinnar sem og útgáfu bókarinnar 4. febrúar 1998. Vísaði hún að öðru leyti til erindis sem hún flutti í útgáfuteiti og jafnframt mun birtast í Tölvumálum, 1.tbl. 23. árg.

3. Reikningar félagsins fyrir árið 1997

Laufey Erla Jóhannesdóttir, fráfarandi gjaldkeri, kynnti endurskoðaða reikninga félagsins. Eignir í árslok námu kr. 7.950.863, eigið fé kr. 5.467.179 og hagnaður af starfseminni árið 1997 nam kr. 2.005.997. Hefur fjárhagsleg staða félagsins aldrei verið betri. Reikningar félagsins fyrir árið 1997 voru bornir upp og einróma samþykktir. Sjá fskj. #02

4. Ákvörðun félagsgjald fyrir árið 1998

Fyrir fundinum lá þessi tillaga:

Stjórn Skýrslutæknifélags Íslands 1997 telur í ljósi góðrar afkomu félagsins á síðastliðnu ári að ekki þurfi að hækka félagsgjöld fyrir árið 1998. Lagt er til að þau verði hin sömu og síðastliðið ár, eða:

Fullt gjald kr. 13.500

Hálft gjald kr. 6.750

Fjórðungsgjald kr. 3.375

Var tillagan samþykkt einróma.

5. Stjórnarkjör

a) Formannskjör

Fyrir fundinum lá þessi tillaga:

Á aðalfundi 1997 var Haukur Oddsson, Íslandsbanka, kjörinn formaður til tveggja ári. Hann hefur óskað eftir lausn frá embætti nú. Þarf því að kjós formann til eins ár. Tillaga:

• Óskar B. Hauksson, Eimskipafélagi Íslands hf. í embætti formanns til eins árs.

Var tillagan samþykkt einróma.

b) Aðrir stjórnarmenn

Fyrir fundinum lá þessi tillaga:

Stjórn skipa sex menn. Formaður er kjörinn nú kjörinn til eins árs. Á aðalfundi 1997 voru Hulda Guðmundsdóttir og Heimir Sigurðsson kjörin til tveggja ára og eiga því eftir eins árs stjórnarsetu.

Þarf því að kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára. Tillögur:

- Eggert Ólafsson, Borgarverkfræðingi, í stjórn til tveggja ára.
- Ingi Þór Hermannsson, EAN á Íslandi, í stjórn til tveggja ára.
- Stefán Kjærnested, Skýrr hf., í stjórn til tveggja ára.

Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

c) Varamenn

Varamenn til eins árs. Tillögur:

- Magnús Sigurðsson, Landsteinum ehf.
- Sigríður Olgeirsdóttir, Tæknival hf.
- Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

6. Kjör skoðunarmanna reikninga

Fyrir fundinum lá þessi tillaga:

Lagt er til að sömu menn gegni þessum embættum áfram. Tillaga:

- Jakob Sigurðsson, heiðursfélagi í SÍ
- Sigurjón Pétursson, Skýrr hf.

Var þessi tillaga samþykkt einróma.

7. Nefndaskjör

a) Ritstjóri tölvumála

Fyrir fundinum lá þessi tillaga:

Gisli Ragnarsson, sem verið hefur ritstjóri Tölvumála, hefur óskað eftir lausn frá embætti. Aðalfundur kýs ritstjóra til eins árs. Tillaga:

- Agnar Björnsson, Skýrr hf.

Var þessi tillaga samþykkt einróma.

b) Siðanefnd

Fyrir fundinum lá þessi tillaga: Lagt er til að siðanefnd verði áfram skipuð sama fólkinu. Tillaga:

- Erla S. Árnadóttir, KPMG lögmönnum, formaður
- Gunnar Linnet, Vegagerðinni
- Snorri Agnarsson, Háskóla Íslands
- Sigurjón Pétursson, Skýrr hf., til vara

Var þessi tillaga samþykkt einróma.

8. Önnur mál

Nýkjörinn formaður, Óskar B. Hauksson, kvaddi sér hljóðs og þakkaði fráfarandi formanni vel unnin störf í þágu félagsins og færðu honum blómum skreytta gjöf.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Ritarar:

Svanhildur Jóhannesdóttir

Hulda Guðmundsdóttir

Fundinn sátu:

Agnar Björnsson, Skýrr hf.

Douglas Brotchie, Reiknistofnun Háskólans

Eggert Ólafsson, Borgarverkfræðingi

Gísli Ragnarsson, Bestun hf.

Gunnar Sigurðsson, Verzlunarskóla Íslands

Haukur Oddsson, Íslandsbanka

Heimir Sigurðsson, Olúfélaginu hf.

Hulda Guðmundsdóttir, Ríkisspítulum

Jakob Sigurðsson
Jóhann Gunnarsson, Fjármálaráðuneyti
Laufey Erla Jóhannesdóttir, Skýrr hf.
Magnús Sigurðsson, Landsteinum ehf.
Óskar B. Hauksson, Eimskipafélagi Íslands hf.
Sigríður Olgeirsdóttir, Tæknival hf.
Sigrún Helgadóttir, Hagstofu Íslands
Stefán Briem, Skýrslutæknifélagi Íslands
Svanhildur Jóhannesdóttir, Skýrslutæknifélagi Íslands